



Starfsskýrsla fagsviðs innri endurskoðunar 2023

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar

Fagsvið innri endurskoðunar

31. ágúst 2023

IER23080010

Efnisyfirlit

1. Fagsvið innri endurskoðunar	3
2. Hlutverk og tilgangur innri endurskoðunar	3
3. Starfsfólk fagsviðs innri endurskoðunar	4
4. Umfang innri endurskoðunar	4
5. Útgefið efni og önnur verkefni 2022	5
6. Helstu niðurstöður úttekta	6
7. Helstu niðurstöður eftirfylgnikannanna	6
8. Önnur verkefni og minniblöð.....	8
9. Gæðamál og innra starf.....	9

1. Fagsvið innri endurskoðunar

Fagsvið innri endurskoðunar hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf sinnir innri endurskoðun innan A hluta Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs og ber ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Reykjavíkurborgar vegna ábyrgðar A hluta á B hluta. Fagsvið innri endurskoðunar sinnir jafnframt og hefur eftirlit með innri endurskoðun innan B hluta í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 25. október 2007, almenna eigandastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar hinn 3. maí 2022 og á grundvelli samkomulags við stjórnir dótturfélaga sem kveða á um umboð og hlutverk gagnvart viðkomandi félagi. Endurskoðunarnefnd samþykkti erindisbréf fagsviðs innri endurskoðunar 1. júní 2022 sem skilgreinir tilgang, heimildir og ábyrgð fagsviðsins.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar sem skipuð er af borgarstjórn hefur eftirlit með starfsemi innri endurskoðunar. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar er sjálfstæður og óháður í sínum störfum, m.a. hvað varðar umfang úttekta, framkvæmd verkefna og miðlun niðurstaðna. Fagsvið innri endurskoðunar hefur aðgang að öllum gögnum, mannaúði og eignum borgarinnar.

Fagsvið innri endurskoðunar fylgir faglegri umgjörð um innri endurskoðun sem gefin er út af Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda. Umgjörðin samanstendur af alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun, grundvallarreglum faglegar innri endurskoðunar, skilgreiningu á innri endurskoðun og siðareglum innri endurskoðenda.

2. Hlutverk og tilgangur innri endurskoðunar

Fagsvið innri endurskoðunar veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur fagsvið innri endurskoðunar mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttar og stuðlar þannig að því að Reykjavíkurborg nái markmiðum sínum. Þjónustu fagsviðs innri endurskoðunar má flokka í staðfestingarúttektir og eftirfylgni með niðurstöðum þeirra, misferlisrannsóknir og ráðgjöf.

Helstu verkefni innri endurskoðunar

Skilvirkni áhættustýringar	Stefnumarkmið og árangur	Misferlis-kannanir
Fylgni við stefnur og verklagsreglur	Hagkvæmni og skilvirkni ferla og verkefna	Áreiðanlegar fjárhags- og rekstrarupplýsingar
Varðveisla eigna	Stjórnarhættir og stjórnskipulag	Fylgni við lög og reglugerðir

Staðfestingarverkefni fagsviðsins snúa meðal annars að því að meta stjórnarhætti og eftirlitsumhverfi borgarinnar, hvort eignir séu varðveittar með öruggum hætti, virkni áhættustýringar sé fullnægjandi og hvort stjórnskipulag, rekstur og stjórnun sé hagkvæm, skilvirk og árangursrík og í samræmi við stefnur, verklagsreglur og gildandi lög og reglugerðir. Einnig hvort fjárhags- og rekstrarupplýsingar séu áreiðanlegar og tímanlegar til þess að borgarráð, stjórnir og stjórnendur geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

Niðurstöður úttekta eru kynntar í endurskoðunarnefnd, borgarráði, fagráðum og stjórnnum B hluta félaga eftir því sem við á. Áður er stjórnendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við skýrsludrögin. Lokaskýrsla er send til stjórnenda og ábendingar og tillögur til úrbóta eru skráðar í upplýsingakerfi fagsviðs innri endurskoðunar.

Samkvæmt stöðlum alþjóðasamtakanna ber að fylgja eftir þeim ábendingum sem gerðar eru. Tilgangur eftirfylgni er að kanna hvort stjórnendur hafi brugðist við ábendingum með fullnægjandi hætti eða hvort enn séu til staðar þeir annmarkar sem úttekt leiddi í ljós. Eftirfylgni ábendinga fer alla jafna fram einu til tveimur árum eftir útgáfu úttektarskýrslu.

Fagsviðið tekur eftir atvikum til rannsóknar misferlismál, meðal annars ábendingar sem berast um vefgátt fyrir móttöku ábendinga um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi borgarinnar í samræmi við lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Auk þess sem fagsviðið veitir borgarráði, stjórnnum og stjórnendum ráðgjöf sem ætlað er að bæta stjórnarhætti, áhættustýringu og eftirlitsferli, án þess þó að taka á sig stjórnendaábyrgð. Ráðgjöf er veitt samkvæmt beiðni og er eðli og umfang verkefna háð samkomulagi.

3. Starfsfólk fagsviðs innri endurskoðunar

Á fagsviði innri endurskoðunar starfa sex manns í 5,5 stöðugildum og auk þess kemur starfsfólk á skrifstofu innri endurskoðanda að verkefnum sviðsins (1 stöðugildi). Starfsfólk býr yfir viðamikilli sérfræðilekkingu og starfsreynslu sem nýtist í fjölbreyttum verkefnum fagsviðsins. Tveir starfsmenn eru með fagvottun í innri endurskoðun (CIA), einn með fagvottun á sviði misferlissóknar (CFA) og einn starfsmaður sinnir endurskoðun upplýsingakerfa. Engar breytingar urðu á starfsmannahópnum á árinu 2022 að öðru leyti en því að Arnar Freyr lét af störfum í lok árs og nýr starfsmaður, Stefán Viðar Grétarsson, tók við endurskoðun upplýsingakerfa en hann kom til starfa í mars 2023. Starfsfólk sótti ýmis námskeið, ráðstefnur og fundi, m.a. á vegum Félags um innri endurskoðun (FIE) og annarra alþjóðlegra fagfélaga (ECIIA/ACFA), sem hluti af árlegri endurmenntun sinni.

Mynd 2. Starfsfólk fagsviðs innri endurskoðunar



Ingunn Ólafsdóttir, fagstjóri innri endurskoðunar



Guðjón Hlynur Guðmundsson, verkefnastjóri



Arnar Freyr Guðmundsson, verkefnastjóri upplýsingatækni



Viðar Kárason, verkefnastjóri



Jenný Stefanía Jensdóttir, verkefnastjóri rannsóknar-endurskoðunar



Elfa Ingibergsdóttir, verkefnastjóri

4. Umfang innri endurskoðunar

Hér að neðan eru aðila sem fagsviðið sinnir innri endurskoðun hjá en umfangið einskorðast við samstæðu Reykjavíkurborgar. Einnig eru reglubundin samskipti við þá aðila sem sjá um innri endurskoðun fyrir SORPU bs. og Strætó bs. þar sem innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar hefur að gegna vöktunarhlutverki gagnvart þeim félögum.

Fagsvið innri endurskoðunar endurskoðar eftirfarandi aðila:

- A-hluti Reykjavíkurborgar
- Félagsbústaðir hf.
- Faxaflóahafnir sf.
- Malbikunarstöðin Höfði hf.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
- Orkuveita Reykjavíkur sf.
- Veitur ohf.
- Ljósleiðarinn ehf.
- ON ohf.
- Carbfix hf.

5. Útgefið efni og önnur verkefni 2022

Helstu verkefni fagsviðs innri endurskoðunar eru staðfestingarúttektir og eftirfylgnikannanir með ábendingum og eru þau tilgreind í innri endurskoðunaráætlunum en umfang og afmörkun er skilgreint nánar í verkáætlun úttektar. Áhættumiðuð innri endurskoðunaráætlun er gerð fyrir A hluta borgarinnar og fyrir hvert og eitt félag. Endurskoðunaráætlanir B hluta félaga eru lagðar fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu og stjórn viðkomandi félags til samþykktar. Endurskoðunaráætlun A hluta Reykjavíkurborgar er lögð fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar og síðan til kynningar í borgarráði. Áætlanir eru endurskoðaðar árlega til að bregðast við breytingum á starfsemi og áhættum í rekstri.

Í töflu 2 er listi yfir útgefið efni fagsviðs innri endurskoðunar á árinu 2022. Um er að ræða 21 afurð; 2 úttektarskýrslur, 8 eftirfylgniskýrslur, 3 rannsóknir, 2 önnur verkefni og 6 minnisblöð. Einnig var unnið að undirbúningi verkefna og frágangi úttekta og eftirfylgniskoðana sem síðan voru gefnar út í byrjun árs 2023 m.a. úttekt á fjárfestingarferli OR, eftirfylgniskoðun á viðhaldsframkvæmdum við Írabakka hjá Félagsbústöðum og þrjár eftirfylgnikannanir sem snúa að samþykktarferli reikninga, greiðslum ferðakostnaðar og uppgjörsferli Reykjavíkurborgar.

TAFLA 2. YFIRLIT YFIR ÚTGEFIÐ EFNI 2022

Starfseining*	Tegund verkefnis	Heiti skýrslu	Dagsetning
FAS	Úttekt	Innkaup og samningsstjórnun	23.6.2022
SFS	Úttekt	Sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar	1.3.2022
ÞON	Eftirfylgni	Netöryggi hjá Reykjavíkurborg	24.10.2022
Veitur	Eftirfylgni	Vöktun á hreinu vatni og hreinum ströndum	10.6.2022
ON	Eftirfylgni	Viðhaldsstjórnun Hellsheiðarvirkjunar	7.6.2022
Faxaflóahafnir	Eftirfylgni	Stjórnkerfi upplýsingaöryggis	1.6.2022
SFS	Eftirfylgni	Úthlutun fjárhagsramma og rekstur grunnskóla	6.4.2022
Félagsbústaðir	Eftirfylgni	Bókhalds- og uppgjörsferli	2.3.2022
Slökkviliðið	Eftirfylgni	Stjórnkerfi upplýsingaöryggis og -kerfa	21.2.2022
ÍTR	Eftirfylgni	Styrkveitingar til íþróttafélaga	31.1.2022
ÞON	Rannsókn	Viðskipti við fjárhagslega tengda aðila	22.9.2022
FAS	Rannsókn	Notkun falsaðra beiðna Reykjavíkurborgar	12.9.2022
SFS	Rannsókn	Skólahljómsveit Vestur- og Miðbæjar	18.7.2022
SBB	Annað	Hverfið mitt - Eftirlit með kosningum	31.1.2022
SBB	Annað	Jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar	15.2.2022
Borgarráð	Minnisblað	Áhættustýring og greining misferlisáhættu	7.3.2022
ESKN	Minnisblað	Netöryggi - öryggisbrestur	28.1.2022
Félagsbústaðir	Minnisblað	Netöryggi - öryggisbrestur	28.1.2022
Faxaflóahafnir	Minnisblað	Netöryggi - öryggisbrestur	28.1.2022
Slökkviliðið	Minnisblað	Netöryggi - öryggisbrestur	28.1.2022
Höfði	Minnisblöð	Netöryggi - öryggisbrestur	28.1.2022

*Fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS), Skóla- og frístundasvið (SFS), Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON), Íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR), Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB), endurskoðunarnefnd (ESKN).

6. Helstu niðurstöður úttekta

Á árinu 2022 voru gefnar út tvær úttektarskýrslur í þeim voru settar fram 12 ábendingar og sex tillögur til úrbóta. Báðar skýrslurnar snéru að starfsemi A hluta Reykjavíkurborgar.

6.1. Innkaup og samningsstjórnun hjá Reykjavíkurborg

Markmið úttektar var að kanna fylgni við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, samþykktir innkaupa- og framkvæmdaráðs, innkaupastefnu og innkaupareglur Reykjavíkurborgar. Auk þess sem tekið var úrtak vöru-, þjónustu- og verksamninga á árunum 2019-2020 og könnuð fylgni við lög og reglur um undirbúning innkaupa, samningagerð, eftirlit með ákvæðum samnings, skjölun gagna, kostnaðareftirlit og skila- eða lokamat verks. Í skýrslunni voru settar fram 7 ábendingar og 3 tillögur til úrbóta, en þar af voru 5 ábendingar áhættumetnar appelsínugular og 2 gular. Niðurstöður voru kynntar í innkaupa- og framkvæmdaráði.


6.2. Sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólar

Markmið úttektar á sjálfstætt starfandi leik- og grunnskólum var að kanna hlítni við samninga og skoða hvort fjármunum sé veitt í samræmi við þjónustusamninga skóla- og frístundasviðs við skólana, auk þess að yfirfara fyrirkomulag greiðslu rekstrarframlags, umsýslu, eftirfylgni og virkni innra eftirlits. Fimm ábendingar og þrjár tillögur voru settar fram, ein á rauðu áhættustigi og fjórar á appelsínugulu, og varða þær einkum gjaldskrá leikskóla, rýni ársreikninga og skort á viðmiðum og viðbrögðum ef leik- eða grunnskóli er ekki rekstrar- eða gjaldhæfur. Ábendingum var vísað til starfshóps um mótun stefnu og heildstæða nálgun um sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla til að fjalla um og taka afstöðu til ábendinga IER í sinni vinnu. Niðurstöður voru kynntar í skóla- og frístundaráði.

7. Helstu niðurstöður eftirfylgnikannanna

Á árinu 2022 voru gefnar út átta skýrslur með niðurstöðum eftirfylgnikannanna, þar af voru þrjár eftirfylgnikannanir fyrir A hluta og fimm í B hluta. Samtals var fylgt eftir 119 ábendingum og voru 52 ábendingum lokað þar sem aðgerðir voru innleiddar að fullu (43%), 61 ábending voru enn í vinnslu (50%), sex ábendingum hafði ekki verið brugðist við (5%) og tvær ábendingar áttu ekki lengur við (2%).

MYND 2. NIÐURSTAÐA EFTIRFYLGNIKANNANNA 2022



7.1. Netöryggi hjá Reykjavíkurborg

Í úttekt á netöryggi hjá Reykjavíkurborg sem var gefin út í apríl 2018 voru settar fram 29 ábendingar, þar af voru sjö grænar ábendingar sem ekki er fylgt eftir. Við eftirfylgni árið 2020 voru 15 ábendingar enn útistandandi. Meginniðurstöður eftirfylgniúttektar árið 2022 eru að af þeim 15 ítrekuðu ábendingum frá 2020 eru 14 enn í vinnslu og aðgerðir stjórnenda ekki hafnar varðandi eina. Tvær nýjar ábendingar voru settar fram við eftirfylgniskoðunina og eru þær báðar í vinnslu. Úrbóta er því þörf vegna 17 ábendinga.

7.2. Grunnskólar Reykjavíkurborgar – Úthlutun fjárhagsramma og rekstur

Innri endurskoðun gaf út skýrslu í júlí 2019 með niðurstöðum úttektar á rekstri grunnskóla. Markmið úttektarinnar var að skoða rekstur grunnskólanna og greina hvort mögulegt væri að koma við aukinni hagkvæmni í rekstrinum. Í skýrslunni voru settar fram 24 ábendingar. Niðurstaða eftirfylgniúttektar 2022 var að af 24 ábendingum sem settar voru fram í úttektinni árið 2019 var 11 ábendingum lokað og úrbætur vegna tólf ábendinga eru í vinnslu og ein ábending ítrekuð.

7.3. Styrkveitingar til íþróttafélaga

Innri endurskoðun og ráðgjöf gaf út niðurstöður úttektar á styrkveitingum til íþróttafélaga í maí 2018. Fyrirkomulagið byggir á samstarfssamningi við Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), en auk þess hefur borgin samið beint við einstök félög, meðal annars um rekstur mannvirkja í eigu borgarinnar. ÍTR annast samskipti við íþróttafélögin og ÍBR af hálfu borgarinnar. Settar voru fram 12 ábendingar í skýrslunni. Niðurstaða eftirfylgnikönnunar 2022 var að átta ábendingum lokað þar sem úrbætur hafa verið gerðar; ein ábending er útistandandi þar sem aðgerðir stjórnenda eru ekki hafnar; tveir ábendingar eru í vinnslu og var ein sameinuð annarri þar sem umfjöllunarefnið er sambærilegt.

7.4. Veitur - Vöktun á hreinu vatni og hreinum ströndum

Innri endurskoðun gaf út skýrslu í október 2020 með niðurstöðum úttektar á fyrirkomulagi vöktunar á hreinu vatni og hreinum ströndum. Í skýrslunni voru gerðar 13 ábendingar sem voru gular eða appelsínugular. Meginniðurstöður voru að af þeim 13 ábendingum sem settar voru fram í skýrslunni og fylgja þurfti eftir er búið að bregðast við 10 ábendingum með fullnægjandi hætti og 1 á ekki lengur við. Úrbætur eru í vinnslu vegna 2 appelsínugula ábendinga.

7.5. ON - Viðhaldsstjórnun Hellisheiðarvirkjunar

Innri endurskoðun gaf út skýrslu í júní 2020 um viðhaldsstjórnun Hellisheiðarvirkjunar. Í skýrslunni voru gerðar 9 ábendingar sem voru gular og appelsínugular. Meginniðurstöður eftirfylgniskoðunar 2022 var að brugðist hefði verið við 3 ábendingum með fullnægjandi hætti. Úrbætur eru enn í vinnslu vegna 6 ábendinga; 1 þeirra er appelsínugul og 5 gular.

7.6. Stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Faxaflóahöfnum

Innri endurskoðun gaf út skýrslu frá október 2019 með niðurstöðum úttektar á stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Faxaflóahöfnum og fylgni við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Innri endurskoðun setti fram 17 ábendingar. Niðurstaða eftirfylgniúttektar 2022 var að fjórum ábendingum var lokað en 13 ábendingar eru enn í vinnslu og af þeim eru tvær nýjar ábendingar. Stjórnendur hafa ekki brugðist við tveimur ábendingum. Úrbóta er því enn þörf vegna 15 ábendinga. Margar þeirra tengjast vinnu sem er í gangi og var fyrirhugað að ljúka henni fyrir 31. ágúst 2022.

7.7. Bókhalds- og uppgjörsferli hjá Félagsbústöðum

Í skýrslum innri endurskoðunar um bókhalds- og uppgjörsferli Félagsbústaða voru settar ábendingar sem fylgt var eftir með eftirfylgnikönnun árið 2021. Stjórnendur óskuðu sama ár eftir að fylgja eftir þeim 12 ábendingum sem ekki var búið að bregðast við. Meginniðurstöður eftirfylgniskoðunar 2022 var að 10 ábendingum er lokað. Tvær eru ennþá útistandandi þar sem úrbótum er ekki lokið. Ábendingar snúa að aðgangsstýringu í kerfum og haldast m.a. í hendur við samráð við ytri endurskoðanda félagsins.

7.8. Stjórnkerfi upplýsingaöryggis hjá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins

Innri endurskoðun og ráðgjöf gaf út niðurstöður úttektar á stjórnkerfi upplýsingaöryggis og upplýsingakerfa hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) 18. október 2017. Í skýrslunni voru gerðar 17 ábendingar. Meginniðurstöður eftirfylgnikönnunnar 2022 var að af þeim 17 ábendingum var búið að bregðast við sex ábendingum með fullnægjandi hætti og ein á ekki lengur við. Úrbætur eru í vinnslu vegna tíu ábendinga.

8. Önnur verkefni og minniblöð

8.1. Jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar

Fagstjóri innri endurskoðunar var skipaður í úttektarteymi jafnlaunastaðals. Tilgangurinn var að framkvæma úttektir á jafnlaunakerfi Reykjavíkurborgar til þess að ákvarða hvort jafnlaunakerfinu sé fylgt eftir og því viðhaldið í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og til þess að tryggja að æðstu stjórnendur fái upplýsingar um niðurstöður úttekta. Úttektarskýrslu með niðurstöðum og ábendingum var skilað til borgarritara 4. mars 2022.

8.2. Hverfið mitt – Eftirlit með rafrænum kosningum

Hverfið mitt er samráðsverkefni um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum Reykjavíkurborgar. Rafræn kosning meðal borgarbúa fer fram á tveggja ára fresti um verkefnahugmyndir sem íbúaráð borgarinnar stilla upp. Í 15. grein reglna um rafrænar kosningar um „Hverfið mitt 2020-2021“ kemur fram að Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með framkvæmd kosninganna og fylgist með því að skráðum ferlum sé fylgt til hlítar. Verkefni innri endurskoðunar var að hafa eftirlit með framkvæmd kosninganna 2021 og fylgja eftir ábendingu sem sett var fram eftir kosningarnar 2019. Minnisblaði var skilað til Mannréttinda- og lýðsskrifstofu.

8.3. Netöryggi B hluta félaga

Aukin tíðni og alvarleika netárása og gagnagíslatöku hjá fyrirtækjum meðal annars Strætó bs. í lok árs 2021 varð tilefni yfirferðar á innri endurskoðunaráætlun B hluta félaganna. Fundað var með stjórnendum Faxaflóahafna, Félagsbústaða, Höfða og Slökkviliðsins. Niðurstaða þeirra var að ekki yrðu gerðar breytingar á gildandi áætlunum en beint var til stjórnenda að skoða tiltekna eftirlitsþætti fyrir netöryggi sem settir voru fram í minnisblaði innri endurskoðunar sem síðar yrðu skoðaðir þegar úttekt yrði framkvæmd.

8.4. Áhættustýring og greining á misferlisáhættu

Greining misferlisáhættu og stjórnun hennar er stöðugt ferli sem nauðsynlegt er að endurmeta með reglubundnum hætti, einkum varðandi nýja þjónustu, nýja starfshætti og stefnu. Í desember 2017 lagði Innri endurskoðun fram minnisblað með skorkorti frummats á stöðu misferlisáhættu hjá Reykjavíkurborg. Markmið frummatsins var að sýna fram á að nauðsynlegt væri að ráðast í mat á stöðu misferlisáhættu hjá sviðum og skrifstofum borgarinnar. Skipaðir voru starfshópar til að greina og leggja mat á þá áhættuþætti sem snúa að starfseminni í misferlismálum. Minnisblaði um áhættustýringu og greiningu misferlisáhættu hjá Reykjavíkurborg var sent borgarráði og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði þann 7. mars 2022.

9. Gæðamál og innra starf

Varðandi innra starf á fagsviði innri endurskoðunar má helst nefna að nýtt upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar (Hlaðan) var tekið í notkun hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf þann 1. nóvember 2022. Nokkur vinna fór í að færa mál yfir í nýja kerfið og þjálfa starfsfólk í notkun á því. Samhliða innleiðingunni var ákveðið að hætta með Pentana endurskoðunarkerfið þar sem nýja kerfið einfaldar utanumhald verkefna og vistun gagna. Í samstarfi við Advania var unnið að innleiðingu verkþókhalds fyrir fagsviðið í Vinnustund Reykjavíkurborgar og var það tekið í notkun 1. janúar 2023. Enn er unnið að því að finna framtíðarlausn fyrir utanumhald ábendinga innri endurskoðunar í samstarfi við stafrænan leiðtoga skrifstofunnar og PON.

Lokið var við endurskoðun á erindisbréfi fyrir fagsvið innri endurskoðunar og var það samþykkt í endurskoðunarnefnd þann 1. júní 2022. Þá var hafin vinna við endurskoðun á gæðaskjölum sem snúa að verkferlum fagsviðsins. Nokkur breyting varð á verklagi með innleiðingu á nýjum upplýsingakerfum á árinu 2022 en ekki síður með sameiningu eftirlitseininga þegar innri endurskoðunarverkefnum var komið fyrir á fagsviði innri endurskoðunar. Við þær breytingar tekur fagstjóri innri endurskoðunar aukna ábyrgð á framkvæmd verkefna á sviði innri endurskoðunar. Þessari vinnu er ekki að fullu lokið. Á árinu 2022 var nýtt skýrsluform tekið í notkun og var framsetning niðurstaðna í úttektarskýrslum endurskoðað í samstarfi við skrifstofu innri endurskoðanda.

Á árinu 2022 var unnið að gerð innri endurskoðunaráætlunar fyrir OR samstæðuna 2023-2024 sem samþykkt var í stjórn OR í janúar 2023. Þá var haldin kynning fyrir borgarfulltrúa á starfsemi innri endurskoðunar í borgarstjórn þann 6. júní 2022 í kjölfar sveitarstjórnakosninga um vorið. Jafnframt aðstoðar fagsviðið við árlegt sjálfsmat endurskoðunarnefndar.



Ingunn Ólafsdóttir
fagstjóri innri endurskoðunar

Skýrsla þessi er tekin saman fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar þann 4. september 2023. Hún verður síðar kynnt í borgarráði og birt á heimasíðu Innri endurskoðunar og ráðgjafar.



Innri endurskoðun og ráðgjöf
Guðrúnartúni 1 | 105 Reykjavík

Innriendurskodun.is
innriendurskodun@reykjavik.is